



---

# **Fundargerð stjórnar HSÍ**

**Mánudaginn 29. september 2025**



## **Sjöundi fundur 68. stjórnar HSÍ var haldinn á skrifstofu HSÍ, mánudaginn 29. september 2025 kl. 17.00.**

Mætt voru: Jón Halldórsson, Ásgeir Jónsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Harpa Vífilsdóttir, Haddur Stefánsson, Helga Birna Brynjólfsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir og Kristín Þórðardóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn.

Forföll / fjarverandi: Ásgeir Sveinsson, Bjarni Ákason og Sigurborg Kristinsdóttir.

### **Þetta gerðist:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

- Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt með einni breytingu. Undir liðnum fjárhagur sambandsins var samþykkt að ráða bókara, fram skal tekið að þetta er 100% starf.

#### **2. Skýrsla framkvæmdastjóra**

- RG renndi yfir helstu verkefni.
  - Lagfæra þarf **mobile útgáfuna** af nýju vefsíðu HSÍ. KP hefur samband við Baddý Sonju varðandi að laga fyrir lok október.
  - **Handboltapassinn** er með færri áskrifendur en áætlað var. Viðræður varðandi sýningar á leikjum í Evrópu deildinni í höndum RGG.
  - **Breytingar á leikjum** Olís- og Grill deild kvenna eru komnar inn og fór vel í liðin.
  - Staða ráðningar **þjálfara yngri landsliða** rædd, afreksráð fer fyrir því. Bæta má upplýsingaflæði til landsliðsnefndar.
  - **Fjármálin** eru í jafnvægi þó eru nokkrir viðkvæmir kröfuhafar sem þarf að ræða við. Vonir um að lækka skuldir fyrir lok októbermánaðar en huga þarf að því að nóv. og des. eru tekjuminni.
  - **Kvennalandslíðið** spilar æfingaleik á móti Færeyjum í Úlfársdal um miðjan okt. Samþykkt var að rukka 2.000 kr. inn á leikinn en frítt fyrir 16 ára og yngri.

#### **3. Landsleikur kvk í október**

- Æfingaleik á móti Færeyjum í Úlfársdal um miðjan okt. Samþykkt var að rukka 2.000 kr. inn á leikinn en frítt fyrir 16 ára og yngri.
- HSÍ sér um miðasölu en Fram um veitingasölu og að manna völinn.

#### **4. HM kvenna 2025**

- Uppselt er á leiki landsliðsins í Stuttgart, Þýskalandi þar sem liðið spilar. Ástæðan er að þjóðverjar eru með Íslandi í riðli og þar sem eingöngu eru seldir dagpassar eru allir miðar seldir.
- Miðar fóru í sölu í sumar.

#### **5. EHF þing**

- ÁJ og JH fóru á EHF þing í Austurríki 19. september og fóru yfir helstu atriði.



- Næsta IHF þing er í Cairo, Egyptalandi 19.-22. desember þar sem kosið verður í stjórn og nefndir IHF.

## **6. Þjóðaráttak okt/nóv/des**

- ÁJ sagði frá átaki sem hefst í október þar sem hringt verður í einstaklinga og fyrirtæki til að safna styrkjum. Svörum strax og Símsstöðin sjá um úthringingar og taka þóknun fyrir.
- Fyrirtækjum er boðið gull-, silfur- eða brons pakka þar sem upphæðir eru misjafnar.
- Einstaklingum er boðið að styrkja HSÍ með einni greiðslu 5.900 kr.

## **7. Staðan á styrktaraðilum**

- ÁJ fór yfir stöðuna á styrktaraðilum, margt jákvætt í farvatninu. Endurnýjun á samningum og nýir samningar. Mikill meðbyr.

## **8. Breyting á reglugerð**

- KP bar fram tillögu að breytingum á reglugerð
  - Í yngri flokkum eru 7 leikmenn á lista sem ekki mega spila með öðrum liðum félagslið, tillaga um að fækka þeim í 5. Tillaga samþykkt.
  - Íslandsmeistarar, Bikarmeistarar og Deildarmeistarar eiga rétt á Evrópusæti í þessar röð. Tillaga um að breyta röðinni í Íslandsmeistarar, Deildarmeistarar og Bikarmeistarar. Tillaga samþykkt.
  - Í efstu deild er viðmiðið að tæknifundur skuli vera 75 mín. fyrir leik, tillaga um breytingu á orðalagi þar sem þetta gildir líka í Bikarkeppni. Tillaga samþykkt.

## **9. Ráðning framkvæmdastjóra**

- Umsóknarfrestur er til 6.október, Hilmar Hjaltason hjá Vinnvinn sér um ráðningaferlið.

## **10. Lykilmarkmið HSÍ**

- Nýtum október til að setja markmið okkar í GROW.

## **11. Önnur mál**

- JH fékk umboð til að ræða við landsliðsþjálfara um framhaldið.
- Rætt var að við þurfum að vera dugleg að senda upplýsingapóst á hópinn svo allir séu með á nótunum.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl.18:47.

Helga Birna Brynjólfsdóttir, fundarritari